

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 464/2001, um takmörkun á nikkeli í tilteknum vörum.

1. gr.

Liður a) í 3. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Pinna sem stungið er í götuð eyru eða aðra gataða líkamshluta nema hraði losunar nikkels frá pinnanum sé minni en $0,2 \mu\text{g}/\text{cm}^2/\text{viku}$ (flæðimörk), mælt með aðferð 2 sem lýst er í 5. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 18. gr. laga nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, ásamt síðari breytingum.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun 2004/96/EB, um breytingu á tilskipun ráðsins 76/769/EBE varðandi takmörkun á sölu og notkun á nikkeli í götunarpinum svo aðlaga megi I. viðauka að tæknilegum framförum, sem vísað er til í 4. tl. XV. kafla II. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sam-eiginlegu EES-nefndarinnar nr. 33/2005, þann 12. mars 2005.

Reglugerðin öðlast gildi við birtingu.

Umhverfísráðuneytinu, 25. apríl 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Sigríður Auður Arnardóttir.